

1. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 24. júní 2010, kl. 14:00.

Bæjarráð Blönduóssbæjar kom saman til 1. fundar á kjörtímabilinu 2010–2014 á bæjarskrifstofu. Bæjarstjóri, Arnar Þór Sævarson setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar bæjarráðs á kjörtímabilinu. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Kosningar**
 - 2. Ályktun af aðalfundi vina Kvennaskólans**
 - 3. Bréf frá Jafnréttisstofu**
 - 4. Fundargerð Farskólans**
 - 5. Bréf frá Jónasi Skaftasyni**
 - 6. Atvinnumál**
 - 7. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Kosningar

a) Kjör formanns bæjarráðs

Tillaga kom um Kára Kárason sem formann bæjarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.

b) Kjör varaformanns bæjarráðs

Tillaga kom um Zophonías Ara Lárusson sem varaformann bæjarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.

Að loknum þessum lið tók nýkjörinn formaður, Kári Kárason, við fundarstjórn.

2. Ályktun af aðalfundi vina Kvennaskólans

Aðalfundur Kvennaskólans var haldinn í Kvennaskólanum 20. maí 2010. Fundurinn ályktaði eftirfarandi: "Fundurinn hvetur forráðamenn í héraðinu

til að standa vörð um menningararfinn sem fólgin er í minjum og sögu Kvennaskólans og styðja af megni mennta og menningarstarf í húsinu.”

Oddný M. Gunnarsdóttir tók til máls og óskaði eftir því að Vinir Kvennaskólans fái formlega aðkomu að húsi Kvennaskólans og að skipaður verði vörsluaðili muna.

Umræður urðu um málið.

3. Bréf frá Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa minnir sveitarstjórnir á ákvæði laga um jafna stöu og jafnan rétt kvenna og karla er varða sveitarstjórnir.

Erindinu vísað til Jafnréttisnefndar.

4. Fundargerð Farskólans

Aðalfundur Farskólans var haldinn 30. apríl 2010.

Lögð fram til kynningar.

5. Bréf frá Jónasi Skaftasyni

Lagt fram til kynningar.

6. Atvinnumál

Bæjarstjóri fór yfir fund sem haldinn var á Blönduósi þar sem ræddar voru hugmyndir til að vinna úr lífrænum úrgangi. Unnið er í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Umræður urðu um málið.

Bæjarráð er sammála um að fara í greiningu á hvaða áhrif stóriðjuframkvæmdir hafa á samfélagið. Bæjarstjóra falið að vinna að málinu.

7. Önnur mál

a) Bréf frá Velferðarvaktinni

Á fundi velferðarvaktarinnar 18. maí sl. var samþykkt að beina því til sveitarfélaganna að leita allra leiða til að tryggja ungmennum 17 og 18 ára vinnu í sumar og láta þau sem ekki fengu vinnu í fyrrasumar fá forgang að störfum.

b) Fundargerð í æskulýðs- og tómstundanefnd frá 22. júní 2010

Undir lið 2 í fundargerðinni hefur orðið breyting. Anna Kr. Davíðsdóttir fer í stað hennar Oddnýjar M. Gunnarsdóttur.
Fundargerðin borin upp til samþykkis. Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c) Opnunartími sundlaugar

Talsverðar umræður urðu um opnunartíma sundlaugar. Bæjarráð vill kanna möguleika á að opna sundlaugina fyrr á morgnanna.

d) Skólastefna

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Guðjón Ólafsson, fræðslustjóra, að hefja vinnu við gerð skólastefnu Blönduósbæjar.

e) Svar við fyrirspurn frá S-lista á fundi bæjarstjórnar frá 15. júní 2010

Fyrirspurnin er svohljóðandi: 1) Hver er kostnaðurinn við framkvæmdirnar 2) Er gert ráð fyrir þessum framkvæmdum á fjárhagsáætlun ársins 2010? Ef ekki, hvernig verða þær fjármagnaðar?

Svar: 1) Kostnaðurinn hljóðar upp á 6.738.656 kr. án vsk.
2) Gert var ráð fyrir hluta framkvæmdanna í fjárhagsáætlun og er upphæðinni vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar. Fram kom á fundi bæjarráðs að í fjárhagsáætlun eru 2 milljónir í viðhald gatna og eins var gert ráð fyrir greiðslum í 12 mánuði vegna gámasvæðis en þær munu ekki ná nema til 6 mánaða. Við það sparast u.þ.b. 2,8 milljónir króna.

f) Ráðningarsamningur bæjarstjóra

Oddný M. Gunnarsdóttir óskar eftir að ráðningarsamningur við bæjarstjóra verði vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:45

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)